

**From:** [USK Skipulag](#)  
**To:** [Íbúaráð Breiðholt](#); [Breiðholtslaug](#); [veitur@veitur.is](mailto:veitur@veitur.is)  
**Subject:** Breiðholt, hverfi 6.3 Efra Breiðholt - Hraunberg 5, auglýsing  
**Date:** fimmtudagur, 30. nóvember 2023 10:02:45  
**Attachments:** [image001.png](#)

---

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á hverfisskipulagi vegna Breiðholt, hverfi 6.3 Efra Breiðholt - Hraunberg 5, birtist í Morgunblaðinu í dag, fimmtudaginn 30. nóvember 2023. Tillagan er í kynningu frá 30. nóvember 2023 til og með 17. janúar 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Sjá eftirfarandi slóð: [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

Breiðholt, hverfi 6.3 Efra Breiðholt - Hraunberg 5 Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. október 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 9. nóvember 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.3 Efra Breiðholt, vegna lóðarinnar nr. 5 við Hraunberg. Í breytingunni sem lögð er til felst að skipta lóðinni upp í tvær jafn stórar lóðir og gera bílageymslu/vinnustofu að einbýlishúsi. Auk þess verða viðbyggingarmöguleikar 40 fm. og bílastæði tvö á hvorri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30-16:00 og föstudaga kl. 8:30-14:30 frá **30. nóvember 2023 til og með 17. janúar 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 17. janúar 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

## Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Virðing fyrir umhverfinu  
Fagmennska í hverju verki  
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.